



## Leiðbeinandi vinnuferli vegna brottvikningar úr skóla

1. Væg agaviðbrögð og brottvikning úr kennslustundum það sem eftir lifir dags eða úr einstökum kennslustundum telst ekki stjórnvaldsaðgerð og virkjar ekki stjórnsýslulög. Sjá 14. gr., 1. málsg. r.
2. Brottvikning **um stundarsakir** og **ótímabundið** eru stjórnvaldsaðgerðir samkvæmt 14. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólu. ( sjá einnig úrskurð menntamálaráðuneytisins frá 16. 06. 1997 og álit umboðsmanns alþingis í máli nr. 761/1993). Ef grípa þarf til brottvikningar um stundarsakir og ótímabundið, þarf framkvæmdin að vera með eftirfarandi hætti:
  - a. Skrifleg tilkynning til foreldra og nemanda um að brottvikning í fleiri en einn skóladag komi til greina Hámark ein kennsluvika. Foreldrar eiga rétt á að kynna sér gögn sem liggja til grundvallar þeirri ákvörðun og koma á framfæri skriflegum athugasemdum og andmælum (andmælaréttur).
  - b. Brottvikning ákveðin þrátt fyrir andmæli: Skrifleg tilkynning um brottvikningu til foreldra/forráðamanna og skólanefndar/grunnskóladeildar. Skólastjóri hefur eina kennsluviku til að vinna að lausn málsins.
  - c. Ef fyrirsjánlegt er að skólastjóra takist ekki að leysa málið á einni kennsluviku, vísar hann því formlega til skólanefndar/grunnskóladeildar. Skólanefnd/ beitir sér fyrir lausn málsins í samráði við sérfræðipjónustu.
  - d. Ef nemanda hefur verið vikið ótímabundið úr skóla ber skólanefnd ábyrgð á því að nemanda sé tryggð skólavist, eigi síðar en innan þriggja vikna.

Ofangreint verkferli er leiðbeinandi fyrir skólastjórnendum við grunnskóla Kópavogs. Í hverju tilviki þarf að fara vandlega eftir grunnskólalögum, stjórnsýslulögum og reglugerð um ábyrgð nemenda í grunnskólum